



Reglur um Akstursíþróttamann ársins í

lok hvers keppnistímabils er útnefndur Akstursíþróttamaður ársins.

Verðlaunin eru veitt einstaklingi, karli og konu, sem talinn er hafa skarað framúr á einhverju sviði akstursíþróttar. Þar er ekki endilega um að ræða þann sem náð hefur bestum árangri í einstökum keppnum eða meistarakeppni, heldur þann einstakling sem sýnt hefur frábæran árangur og almennt verið til fyrirmynadar.

Útnefning:

1. Keppnisráð í hverri grein getur útnefnt einn aðila af hvoru kyni og skal skila til AKÍS fjórum vikum fyrir formannafund AKÍS ásamt rökstuðningi fyrir því vali.
2. Stjórn AKÍS getur bætt við einum aðila af hvoru kyni fyrir netkosningu.
3. Opnað verður fyrir almenna netkosningu að minnsta kosti þrem vikum fyrir formannafund þar sem allir landsmenn geta greitt atkvæði einu sinni. Kosið er um þá einstaklinga sem keppnisráð og stjórn AKÍS útnefndi.

Netkosningu lýkur einni viku fyrir Formannafund AKÍS. Vægi kosningar er 25%.

4. Formenn aðildarfélaga AKÍS kjósi Akstursíþróttamann ársins í síðasta lagi viku fyrir formannafund í gegnum sér netkosningu og skulu þeir kjósa að minnsta kosti þrjá aðila. Þessi kosning hefur 25% vægi. 5. Stjórn AKÍS skipar fimm manna valnefnd sem raðar þeim í sæti sem keppnisráð og stjórn AKÍS útnefndu. Valnefnd þessi skal skipuð aðilum sem fylgjast grannt með akstursíþróttum og eða hafa mikla þekkingu á þeim. Vægi kosningar er 50%.

6. Akstursíþróttamaður ársins er sá aðili sem flest stig fær samanlagt úr liðum 3. til 5.

Stig hvers liðar skulu gefin með eftirfærandi hætti:

- Fyrir 1. sæti í hverjum lið fær viðkomandi 20 stig
- Fyrir 2. sæti í hverjum lið fær viðkomandi 15 stig
- Fyrir 3. sæti í hverjum lið fær viðkomandi 12 stig
- Fyrir 4. sæti í hverjum lið fær viðkomandi 10 stig
- Fyrir 5. sæti í hverjum lið fær viðkomandi 8 stig
- Fyrir 6. sæti í hverjum lið fær viðkomandi 6 stig
- Fyrir 7. sæti í hverjum lið fær viðkomandi 4 stig
- Fyrir 8. sæti í hverjum lið fær viðkomandi 2 stig

7. Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í efsta sæti samkvæmt lið 6 hér að framan skal sá er efstur var valinn samkvæmt lið 5 útnefndur sem Akstursíþróttamaður ársins.

8. Úrslit verða fyrst birt á verðlaunaafhendingu meistaratitla.

Samþykkt af stjórn AKÍS 16.3.2021